

## Aðalfundargerð

Aðalfundur Isavia ohf.  
haldinn miðvikudaginn 22. mars 2023, kl. 14:30,  
á Courtyard by Marriott hótelinu,  
Aðalgötu 60, Reykjanesbæ

Þátttakendur á fundinum voru m.a. Steinunn Sigvaldadóttir, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, með umboð hluthafans, Kristján Þór Júlíusson stjórnarformaður, Matthías Imsland stjórnarmaður, Jón Steindór Valdimarsson stjórnarmaður, Nanna Gunnlaugsdóttir, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Bjarni Örn Kjærnested, Anna Björk Bjarnadóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Hinrik Þór Harðarson og Kristín Þorbjörg Jónsdóttir, fulltrúar ríkisendurskoðanda o.fl. gestir.

Einnig tóku þátt Sveinbjörn Indriðason forstjóri Isavia ohf., Karl Alvarsson yfirlögfræðingur og Hulda Katrín Stefánsdóttir lögmaður.

### 1. Setning fundar.

Kristján Þór Júlíusson, stjórnarformaður, setti 14. aðalfund Isavia ohf. og bauð fundarmenn velkomna.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stjórnarformaður lagði til að Karl Alvarsson yrði fundarstjóri sem var samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Hulda Katrín Stefánsdóttir ritaði fundargerð og var það samþykkt.

Boðað var til fundarins með tölvupósti sem sendur var til hluthafans 8. mars 2023 í samræmi við 8. gr. samþykta félagsins.

Fulltrúi hluthafans gerði ekki athugasemd við boðun fundarins.

Fulltrúum fjölmiðla og kjörnum alþingismönnum var boðið að sitja fundinn eins og mælt er fyrir um í lögum um opinber hlutafélög.

Fulltrúi hluthafans fjármála- og efnahagsráðherra á fundinum var Steinunn Sigvaldadóttir, umboð hennar lá fyrir og hún mætt.

Fundarstjóri staðfesti að löglega var boðað til fundarins og lýsti fundinn lögmætan.

Því næst kynnti fundarstjóri dagskrá fundarins.

### 3. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar gerði stutta grein fyrir skýrslu stjórnar fyrir árið 2022. Um skýrslu stjórnar var vísað til hennar eins og hún liggur fyrir í ársreikningi félagsins.

Fulltrúi hluthafans gerði ekki athugasemdir við skýrslu stjórnar.

#### **4. Starfsemi félagsins og reikningar ársins útskýrðir.**

Forstjóri félagsins fór yfir ársreikning liðins starfsárs og skýrði. Sundurliðun reikninga í ársskýrslu félagsins lá frammi á fundinum.

Fulltrúi hluthafans gerði engar athugasemdir við skýringar á ársreikningi félagsins.

#### **5. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.**

Fundarstjóri lagði reikninga félagsins fyrir árið 2022 fram til samþykktar og afgreiðslu.

Reikningarnir voru samþykktir.

#### **6. Kosning stjórnarformanns.**

Lagt var til að Kristján Þór Júlíusson yrði kosinn stjórnarformaður.

Tillagan var samþykkt.

#### **7. Kosning meðstjórnenda og varastjórnar.**

Lagt var til að eftirfarandi verði kosnir sem meðstjórnendur:

- Hólmfríður Árnadóttir
- Hrólfur Ölvisson
- Jón Steindór Valdimarsson
- Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Tillagan var samþykkt.

Lagt var til að eftirfarandi verði kosnir í varastjórn:

- Dóra Sif Tynes
- Ingveldur Sæmundsdóttir
- Sigrún Traustadóttir
- Tómas Ellert Tómasson
- Valdimar Halldórsson

Tillagan var samþykkt og stjórnar- og varastjórnarmenn lýstir réttkjörnir.

#### **8. Kosning endurskoðanda.**

Tillaga kom fram um að Ríkisendurskoðun kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík annist endurskoðun reikninga félagsins, sem er í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

#### **9. Tillaga stjórnar um ráðstöfun afkomu félagsins.**

Stjórn lagði til að afkoma ársins verði flutt til næsta árs.

Tillagan var borin upp til afgreiðslu og samþykkt.

#### **10. Þóknun stjórnarmanna.**

Lagt var til að þóknun stjórnarmanna verði 234.000 kr. fyrir hvern mánuð, stjórnarformaður fái tvöfalda þá fjárhæð kr. 468.000 á mánuði og varamenn fá um 40% af stjórnarlaunum fyrir hvern setinn fund eða 93.600 kr.

Lagt var til að þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði 30% af þóknun stjórnarmanns, 70.200 kr. fyrir hvern setinn fund.

Lagt til að þóknun formanns endurskoðunarnefndar verði 210.000 kr. á mánuði.

Þá var lagt til að stjórnarmenn og nefndarmenn fái endurgreiddan útlagðan ferðakostnað.

Tillögurnar voru samþykktar.

#### **11. Ákvörðun um þóknun endurskoðenda.**

Tillaga er um að þóknun endurskoðenda verði samkvæmt reikningi.

Tillagan var samþykkt.

#### **12. Starfskjarastefna stjórnar.**

Tillaga að starfskjarastefnu Isavia ohf., sem lá fyrir á fundinum var borin upp og samþykkt.

#### **13. Breytingar á samþykktum félagsins.**

Fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á grein 1.2. í samþykktum félagsins, sem orðist svo:  
*„Heimilisfang félagsins er Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli“*

Tillagan var borin upp til afgreiðslu og samþykkt.

#### **14. Önnur mál.**


Fulltrúi hluthafans, Steinunn Sigvaldadóttir, þakkaði stjórn og stjórnendum fyrir gott samstarf á árinu.

Tillaga er lögð fram um að fundarstjóri og fundarritari gangi frá fundargerð fundarins og undirriti hana. Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:59.



Karl Alvarsson  
fundarstjóri



Hulda Katrín Stefánsdóttir  
fundarritari